

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Minningarsjóð Ágústar Ármanns Þorlákssonar.

#### 1. gr.

##### *Heiti.*

Sjálfsseignarstofnunin heitir Minningarsjóður Ágústar Ármanns Þorlákssonar og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur. Sjóðurinn er stofnaður í minningu Ágústar Ármanns Þorlákssonar, fæddur 23. febrúar 1950, dáinn 19. september 2011.

#### 2. gr.

##### *Heimilisfang.*

Heimilisfang stofnunarinnar er í sveitarfélaginu Fjarðabyggð.

#### 3. gr.

##### *Markmið.*

Markmið stofnunarinnar er að styrkja tónlistarnemendur í Fjarðabyggð til frekara náms og verkefni tengd tónlistarmenntun.

Umsóknir skulu hafa borist stjórn minningarsjóðsins fyrir 1. febrúar ár hvert. Styrkveiting fer fram á fæðingardegi Ágústar Ármanns Þorlákssonar hinn 23. febrúar sama ár.

Tekjur minningarsjóðsins eru arður og vaxtatekjur af stofnfé og öðru fé sem sjóðnum kann að áskotnast svo sem gjafir, áheit og annað fé.

#### 4. gr.

##### *Stofnendur.*

Stofnendur stofnunarinnar eru Jóhanna Guðjónsdóttir Ármann, kt. 140530-4259, Sigrún Halldórsdóttir, kt. 300852-4839 og Jón Þorláksson, kt. 161254-4529.

#### 5. gr.

##### *Stofnfé.*

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 1.200.000, sem lagt er fram af stofnendum, sbr. 4. gr. Stofnfé er óskerðanlegt. Stofnfé minningarsjóðsins safnaðist á minningartónleikum um Ágúst Ármann sem haldnir voru á Norðfirði 13. júní 2015.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í stofnuninni.

#### 6. gr.

##### *Stjórn.*

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum til 5 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Stofnendur tilnefna fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn.

Í stjórn minningarsjóðsins skal eitthvert systkina eða niðja Ágústar Ármanns eiga sæti.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum. Stjórnarmenn skulu ekki fá þóknun fyrir störf sín.

## 7. gr.

*Fundarboðun.*

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

## 8. gr.

*Aðrar stjórnareiningar.*

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

## 9. gr.

*Endurskoðendur.*

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur/skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

## 10. gr.

*Reikningsárið.*

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

## 11. gr.

*Breyting samþykktá, slit og sameining.*

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

## 12. gr.

*Staðfesting sýslumanns.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra, 29. október 2015.*

**Bjarni Stefánsson.**

\_\_\_\_\_  
*Snjólaug Jónsdóttir.*